

Jón Kristjánsson,
apríl 1975.

Veðimálastofnunin.

ÞVEIT v. HORNAFJÖRD.

Fiskifræðilegar rannsóknir 1974.

Helstu niðurstöður.

Tilraunanet voru lögð í vatnið 13. - 14. júlí. Afli varð sem hér segir:

möskvastærð (mm leggur) (omf./alin)		fjöldi fiska bleikja urriði		
46	14	2	2	Veður: hæg.
40	16	7	3	og léttskýjað.
35	18	7	4	Vatnshiti 16 °C.
29	22	10	6	
26	24	7	4	
21	30	16	16	
samtals		49	35	

Lengdardreifing aflans sést í töflu 1, bls. 5 en þar hefur fiskunum verið skipt í þriggja cm lengdarflokka.

Urriði.

Urriðarnir sem veiddust voru frá 24,0 cm og ca. 130 g, upp í 45,5 cm og 950 g. Flestir voru af stærðinni 31,5 - 37,4 cm eða um 20 talsins. Sést þetta greinilega í töflu 1, bls. 5. Aldursgreining sýndi að yngstu fiskarnir voru þriggja vetra gamlir (3+) og sá elsti ellefu vetra. Tafla 2, bls. 6 sýnir aldursdreifingu aflans, meðallengd hvers árgangs og útreiknaða meðallengd í lok hvers vetrar. Tölurnar eru settar upp í vaxtarlínurit á mynd 1, bls. 7. Sjá má að vöxturinn er góður 5 fyrstu árin, en þá dregur úr honum, og hann staðnar við 35 - 37 cm. Þetta eru mjög greinileg merki um of þéttan fiskstofn. Fiskurinn var nokkuð jafn, í meðallagi þungur miðað við lengd, (þyngdarstuðullinn $\bar{K} = 0,96$).

Bleikja.

Bleikjurnar voru frá 19,5 cm og 70 g, að 37,5 cm og 500 g. Yngstu voru aðeins tveggja vetra gamlar, en þær elstu a.m.k. níu vetra. Meðfylgjandi tafla sýnir meðallengd og spönn tveggja til sex vetra bleikju.

Tafla 3. Meðallengd á bleikju úr Þveit, 14/7 '74.

aldur í vetrum	árg.	fjöldi	meðall. (cm)	spönn (cm)
2+	1972	2	21,5	20,5 - 22,5
3+	1971	5	28,4	26,5 - 32,0
4+	1970	9	30,9	27,5 - 34,0
5+	1969	5	33,2	29,0 - 36,0
6+	1968	2	36,5	36,0 - 37,0

Mynd 2, bls. 8 sýnir aldurdreifingu á 27 bleikjum úr vatninu. Sjá má að meðalvöxturinn virðist vera svipaður og hjá urriðanum, og vaxtarstöðnun á sér einnig stað í kringum 37 cm. Bleikjan var í meðallagi, eða heldur horuð, ($\bar{K} = 0,84$) og sémilega falleg. Einn fiskur hefur vaxið mun hægar en hinir, 19,5 cm á 5 árum. Þetta var kynþroska hængur, og er ekki óalgengt að finna slíkt í bleikjustofnum.

Ályktanir. Hugmyndir um nýtingu.

Aflamagnið í tilraunanetin gefur til kynna að fiskmagn í vatninu sé talsvert, enda virðast dýptarskilyrði og plöntulíf vera eins og á verður kosið. Samsetning aflans benti strax til þess að fiskstofninn væri of þéttur miðað við næringarframboð vatnsins, og aldursákvarðanir staðfestu þetta síðar. Ekki var þó ástandið verra en svo að fiskurinn er sémilega stór, og góður til átu. Rétt er því að segja að vatnið flokkist sem þéttsetið, bæði af urriða og bleikju. Slík vötn eru gjarnan afkastamestu veiðivötnin, en skilyrðið er að stunduð sé mikil veiði í þeim. Til þess að fiskur stækki og verði betri í Þveit, er því nauðsynlegt að auka veiðiálagið verulega.

Stangveiði eingöngu er yfirleitt ekki nægjanleg í þéttsetnum vötnum, og verður því einnig að nota lagnet. Heppileg möskvastærð fyrir þveit er 18 - 22 omf/alin, (29 - 35 mm á legg), net með stærri möskvum eru gagnslítill. Árlegt fiskmagn ætti að vera 5 - 15 kg/ha, en reynslan verður að skera úr um það. Undirstaða rétttrar nýtingar veiðivatns eru veiðiskýrslur, en erfitt er að gefa leiðbeiningar um fiskræktaraðgerðir án þess að vita um árlegt aflamagn, og sveiflur á því.

Ég vil að lokum benda á að sjaldan hef ég séð stöðuvatn, sem er eins vel fallið til stanveiði og þveit. Vatnið er aðgengilegt, umhverfi vel gróið og mjög fagurt og síðast en ekki síst, nóg af fiski í vatninu. Nú liggur það í þjóðbraut og gæti orðið afar vinsæll áningarstaður fyrir ferðamenn ef rétt væri á málum haldið. Vil ég sérstaklega benda á tvö atriði sem leggja þarf áherslu á ef ferðamenn eiga að fá afnot af vatninu, án þess að umhverfi þess spillist.

1. Koma þarf upp afmörkuðum tjaldstæðum, með afgirtum bílastæðum og góðri hreinlætisaðstöðu.

2. Skipuleggja þarf veiðivörslu og sölufyrirkomulag veiðileyfa.

Varðandi það fyrra, er nauðsunlegt að svæðið sé skipulagt frá upphafi. Vernda verður nánasta umhverfi vatnsins fyrir átroðningi og bifreiðum, og hafa tjaldstæðin ekki of nærri vatninu. Mikilvægt er að hafa afmörkuð og jafnvel girt bílastæði vegna áráttu sumra að vera sífellt að keyra utan vega. Nauðsynlegt er að koma upp fullkominni hreinlætisaðstöðu og að hafa vörslu á tjaldstæði. Mætti sameina það veiðivörslu og sölu veiðileyfa. Eins og áður sagði er fullmikið af fiski í vatninu, og stangveiði eingöngu skapar yfirleitt of lítið aðhald fyrir fiskstofninn. Því þarf ekki að óttast ofveiði af þeim sökum. Þetta ber að hafa í huga þegar veiðileyfasala verður skipulögð. Taka verður tillit til þess að það eru heilar fjölskyldur sem ferðast og verður því að sjá um að enginn verði útundan þegar njóta skal veiðiánægjunnar. Ein leið er, að selja fjölskylduveiðileyfi, þ.e. eitt veiðikort sem veitir öllum meðlimum fjölskyldu rétt til að veiða í einn dag, skiftir þá ekki máli hve margar stengur verða notaðar. Þar sem ferðamannatíminn er stuttur, þarf að taka mið af honum, og skipuleggja veiðar heimamanna sem mest utan hans.

Ég vil taka fram að þetta eru ekki tillögur um nýtingu Þveitar, heldur hugmyndir sem ég tel mér skylt að koma á framfæri. Þveit er eina stöðuvatnið á mjög stóru svæði, og því mikilvægt að það geti veitt sem flestum þá ánægju sem silungsveiði er.

Tafla 2. Útreiknaðar lengdir á urriða úr ÞVEIT 14/7 1974.

aldur	árgangur	fj.	\bar{L}	\bar{I}_1	\bar{I}_2	\bar{I}_3	\bar{I}_4	\bar{I}_5	\bar{I}_6	\bar{I}_7	\bar{I}_8	\bar{I}_9	\bar{I}_{10}	\bar{I}_{11}
3+	1971	3	26.2	4.2	10.8	20.7								
4+	1970	4	28.9	3.9	10.8	18.2	26.0							
5+	1969	10	32.3	3.9	9.1	17.2	24.9	30.3						
6+	1968	7	35.1	3.5	8.5	15.0	22.4	29.5	33.8					
7+	1967	4	35.9	3.9	10.0	17.4	23.1	29.3	32.3	34.6				
8+	1966	3	36.8	2.9	8.8	16.3	22.8	28.6	33.8	35.6	36.4			
9+	1965	1	36.5	3.2	8.2	14.9	22.7	29.0	33.7	35.4	36.0	36.3		
10+	1964	1	38.5	4.5	7.1	10.2	17.8	26.8	30.0	32.2	33.5	35.9	37.4	
11+	1963	1	45.5	6.5	13.3	23.3	32.4	34.1	36.2	37.5	39.0	41.4	43.5	44.7
samtals fjöldi			34 meðall:	3.7	9.4	17.0	23.9	29.7	33.4	35.1	36.3	36.3		

1) árgangarnir '64 og '63 ekki teknir með í meðaltalið (2 fiskar).

\bar{L} = meðallengd


$\bar{I}_1, \bar{I}_2, \dots, \bar{I}_{11}$ = lengd við 1. vetur 2. vetur, o.s.frv..

MYND 1

ÞVEIT 14/7 1974

VAKTARLINVRIT FYRIR URRIDA,
MEDALTAL 32 FISKA

x—x MEDALLENGDIR 'ARGANGANNA



MYND 2

ÞUGIT 14/7 1974

Blaikja aldurs/lengd
smt. 29 fiskar.

